

Háafell ehf.
Hnífsdalsbryggju
410 Hnífsdalur

Egilsstaðir, 15.8.2024
UST202401-258/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 12. júní 2024 - Háafell, Ísafjarðardjúpi, ID318

Þann 12. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Háafells ehf., Ísafjarðardjúpi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Myndir af frágangi eftir lagningu sæstrengs í Skötufirði, skal senda til Umhverfisstofnunar.
2. Samræmi þarf að vera í þeim upplýsingum sem rekstraraðili sendir frá sér, s.s. um framleiðslumagn og fosfórlausun.
3. Upplýsingar í ársyfirliti skulu allar eiga við um það ár sem ársyfirlitið tekur til.

Sex frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Ársyfirliti fyrir árið 2022 var ekki skilað innan tilskilins frests. *Ársyfirlitinu var skilað þann 4. maí 2023 og er frávikinu því lokað.*
2. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Ársyfirliti fyrir árið 2023 var ekki skilað innan tilskilins frests. *Ársyfirlitinu var skilað þann 6. maí 2024 og er frávikinu því lokað.*
3. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi fyrir árið 2022 var ekki skilað innan tilskilins frests. *Græna bókhaldinu var skilað þann 4. maí 2023 og er frávikinu því lokað.*
4. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Skil á grænu bókhaldi fyrir árið 2023 teljast ekki fullnægjandi.
5. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2022 var ekki skilað á tilskildum tíma. *Útstreymisbókhaldi var skilað þann 4. maí 2023 og er frávikinu því lokað.*
6. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. september 2024.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur